

Mánudaginn 23. ágúst.

Nr. 24/1909:

Réttvísing

gegn

Bjarna Sigurðssyni og
Sigvalda Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 7. sepember f. á., voru hinir ákærðu, Bjarni Sigurðsson kaupmaður og Sigvaldi Guðmundsson bátsformaður á Ísafirði, sem báðir voru komnir yfir lögaldur sakamanna, dæmdir í betrunarhússvinnu, hinn fyrnefndi samkv. 283. sbr. 55. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 í 2 ár, og hinn síðarnefndi samkv. 283. gr. í 18 mánuði, fyrir að hafa kveikt í húsi Bjarna. Svo voru þeir og dæmdir til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar og 2 kr. til »Nye danske Brandforsikringselskab«, en málsvarnarlaun skyldu þeir greiða hvor fyrir sig talsmönnum sínum við aukaréttinn, Jóni A. Jónssyni bankabókara og Sigurði Jónssyni kandidat, 5 kr. hvorum. Þessum dómi hefir af hálfu ákærvaldsins og eftir ósk hinna ákærðu verið skotið til yfirdómsins.

Aðfaranótt 1. júlí f. á. kom eldur upp í húsi ákærða Bjarna Sigurðssonar, við Skipagötu á Ísafirði, og er það með játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að eldsuppkoma þessi er orðin af þeirra völdum, þannig að Sigvaldi kveikti í húsinu fyrir tilmæli og með aðstoð Bjarna. Höfðu þeir búið yfir þessu áformi nokkra daga á undan, eða frá því seint í júnímánuði. Þá fóru þeir báðir saman til Önundarfjarðar, og á

leiðinni vakti Bjarni máls á því við Sigvalda, að hann kveikti í húsi sínu (Bjarna), og lofaði Sigvaldi því, að því er virðist tregðulaust, og eigi setti hann upp né fekk loforð Bjarna um neina borgun fyrir. Um kvöldið 30. júní átti Sigvaldi erindi í búð Bjarna og hitti hann þar. Bjarni herti þá á honum að efna loforð sitt um íkveikjuna og kom þeim saman um að láta verða af henni þá um nóttina, á þann hátt, að Bjarni skyldi sjá um íkveikjuefni inni fyrir við gluggann á gaffi búðarinnar, en Sigvaldi kasta lifandi eldspýtu innum gluggann, gegnum rúðuop, sem tylt var fyrir tréspjaldi, er taka mátti úr að utanverðu. Samkvæmt þessari ráðagerð velti Bjarni fullri steinolíuflösku tappalausri á hliðina á gólfinu innan við gluggann áður en hann háttaði, en Sigvaldi, sem hafðist við í skúr þar skamt frá um nóttina og var að beita fiskilínu, fór til, er honum þótti tími til kominn og hann sá engan á ferli þar nálægt, en það virðist hafa verið um miðnætti, tók spjaldið frá glugganum, kveikti á eldspýtu og lét hana detta gegnum rúðugatið inn á gólfid, en ekki athugaði hann, að því er hann segir, hvort eldspýtan kveikti frá sér þar sem hún lenti og eigi kveikti hann nema á einni eldspýtu. Sneri hann svo aftur til skúrins og hélt áfram vinnu sinni, en leit út eftir nokkra stund og sá að menn voru þá komnir að húsinu og eldurinn var slöktur.

Húsið er einlyft og er sölubúð, eldhús og 1 smáherbergi undir lofti en 2 svefnherbergi uppi; svaf ákærði, Bjarni, kona hans og 2 börn í öðru en móðir hans og vinnukona í hinu, og voru eigi fleiri menn í húsinu. Það er eigi sennilegt, að þessu fólki hafi verið nein hættu búin af íkveikjunni. Bjarni var að vísu sofnaður

þegar eldsins varð vart, að því er hann sjálfur segir, en Sigvaldi hafði lofað honum að sjá um, að enginn brynni inni, og hann hafði, eins og áður er sagt, gætur á því, hvað eldinum leið. Við hliðina á húsi því, er kveikt var í, og áfast við það átti Bjarni annað hús, tvílyft, en í því bjó enginn. Frá þessum húsum til næsta húss var rúmlega 12 álna bil, en með því að logn var um nóttina, verður ekki álitid að hætta hafi verið á því, að eldurinn færðist á milli, þó að húsin hefðu brunnið.

Brunatjónið var eigi verulegt; veggurinn undir glugganum var nokkuð bruninn og þilin sviðin þar í kring. Hefir skaðinn á húsinu verið metinn 100 kr., og á varningi, sem brann eða skemdist, 26 kr. 55 a. Húsin bæði voru vátrygð fyrir samtals 5000 kr., verzlunarvörur ákærða fyrir 7000 kr. og innanstokks munir fyrir 1900 kr.

Eftir að ákærðu höfðu ráðið að kveikja í húsinu, tók Bjarni tvo klæðastranga úr búðinni, að því er hann segir eftir áeggjan Sigvalda, og 6 nærbuxur, og faldi í skúr frálausum húsinu, til þess að nýta sér þetta síðar. En um nóttina eftir brunann fór hann einn á báti með þessa muni út á sjó, batt stein við þá og sökti þeim. Sigvaldi hefir eigi neitað því, að hann hafi talað eitthvað við meðákærða um klæðastrangana, en minnst eigi, á hverja leið það viðtal var.

Ákærði Bjarni Sigurðsson hefir kannast við, að hann hafi í hagnaðarskyni látið kveikja í húsinu, til þess að fá í hendur brunabótaféð og geta innleyst ábyrgðarskuldur og víxilskuldur, er hann átti erfitt með að greiða. Var þannig tilgangur hans að svikja brunabótaábyrgðina, og gat það ekki dulist meðákærða Sigvalda Guðmundssyni.

Hinir ákærðu hafa eigi áður sætt refsingu fyrir neinn

glæp, en Bjarni Sigurðsson hefir verið sektaður um 50 kr. fyrir fiskiveiðabrot. Framangreind afbrot þeirra ber að því er kemur til ákærða Bjarna Sigurðssonar að heimfæra undir 283. gr., 2. málslið, sbr. 53. gr. og 48. gr., og að því er undandráttinn á fataefni o. fl. snertir undir 261. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist refsingin, sem hann hefir til unnið, með tilliti til 63 gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 2 ára og 6 mánaða betrunarhússvinna, og að því er kemur til ákærða Sigvalda Guðmundssonar undir 283. gr., 2. másl., sbr. 48. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhússvinna. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómnum óraskað, en eigi er ástæða til að dæma »Nye danske Brandforsikningsselskab« 2 kr. endurgjald, sem ákveðið er í dómnum, með því að gjald þetta virðist eiga að telja með málskostnaði, ef það er máli þessu viðkomandi.

Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað verða hinir ákærðu að greiða einn fyrir báða og báðir fyrir einn, þar með talin málflytningu- og skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu sæti betrunarhússvinnu, Bjarni Sigurðsson í 2 ár og 6 mánuði og Sigvaldi Guðmundsson í 2 ár. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hinir ákærðu greiði

einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. ágúst.

Nr. 23/1909: Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps
 gegn
 Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 24. apríl 1907 afsalaði stefndi Þorsteinn Jónsson, þáverandi kaupmaður á Bakkagerði nú veitingamaður á Seyðisfirði, verzlunarfélaginu Thor E. Tulinius ásamt öðrum eignum sínum upp í skuld sína við verzlunarfélagið tveim jarðahlutum, 7,5 hndr. f. m. úr Bakka í Borgarfirði eystra og hálfu Bakkagerði samaðaðar. Verð jarðahluta þessara var ekki sérstaklega ákveðið í afsalsbréfinu, en vegna stimpilgjaldsgreiðslunnar var tekið fram í bréfinu, að fasteignirnar allar, er seldar voru, myndu ekki vera meira virði en 23000 kr. Þegar afsal þetta varð hljóðbært, en það varð það fyrst, er bréfinu var þinglýst 20. júlí 1907, kom það í ljós, að fyrir-mæla laganna Nr. 30 20. október 1905, um forkaupsrétt